

## Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um landvörslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu margar landverðir voru árlega að störfum árin 2007–2013 og í hversu margar vikur samtals á hverju ári? Hvernig skiptust vikurnar á friðlýst svæði?
2. Hversu margar vikur er fyrirhugað að landverðir verði samtals að störfum sumarið 2014 og hvernig er ætlunin að þær skiptist á friðlýst svæði?

Á vegum Umhverfisstofnunar starfa landverðir tímabundið yfir sumarmánuðina en á nokkrum svæðum starfa sérfræðingar allt árið. Mikilvægt er að hafa í huga þegar tölfræði síðustu sjö ára er skoðuð að á tímabilinu voru ráðnir fjórir heilsársstarfsmenn til viðbótar við þá sem þegar voru starfandi og sinna þeir landvörslu allt árið um kring. Alls eru því starfandi tveir heilsársstarfsmenn í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, einn á Patreksfirði (hóf störf 2011), einn á Ísafirði (hóf störf 2008), einn í Mývatnssveit, einn í Vestmannaeyjum (hóf störf 2008) og einn á Suðurlandi (hóf störf 2013). Einnig hefur Umhverfisstofnun verið í samstarfi við aðra aðila um landvörslu, en það eru Mýrdalshreppur vegna Dyrhólaeyjar, Náttúrustofa Norðurlands vestra vegna Miklavatns, Djúpavogshreppur vegna Teigarhorns og Reykjanesfólkvangur vegna landvörslu þar.

Á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs starfa landverðir tímabundið yfir sumarmánuðina og er fjöldi þeirra mismunandi eftir starfsstöðvum. Heilsársstarfsmenn í Vatnajökulsþjóðgarði eru 12, en þjóðgarðinum er skipt í fjögur rekstrarsvæði, auk skrifstofu í Reykjavík. Starfsstöðvar í þjóðgarðinum eru á Kirkjubæjarklaustri, í Skaftafelli, á Höfn, á Skriðuklaustri í Ásbyrgi og í Mývatnssveit.

Í samræmi við upplýsingar frá Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði er fjöldi landvarða og landvarðavikna sem hér segir:

### Fjöldi landvarða 2007–2013

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Umhverfisstofnun	12	13	15	16	17	20	26
Vatnajökulsþjóðgarður		33	43	45	46	52	51
<b>Samtals:</b>	<b>12</b>	<b>46</b>	<b>58</b>	<b>61</b>	<b>63</b>	<b>72</b>	<b>77</b>

### Fjöldi landvarðavikna 2007–2013

	2007 <sup>1)</sup>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014 <sup>2)</sup>
Umhverfisstofnun	124	144	140	146	172	219	232	167
Vatnajökulsþjóðgarður		330	441	460	477	522	605	546
<b>Samtals:</b>	<b>124</b>	<b>474</b>	<b>581</b>	<b>606</b>	<b>649</b>	<b>741</b>	<b>837</b>	<b>713</b>

<sup>1)</sup>Vatnajökulsþjóðgarður tók til starfa 2008.

<sup>2)</sup>Áætlaður fjöldi.

Skipting landvarðavikna, alls 167 hjá Umhverfisstofnun og 546 hjá Vatnajökulspjóðgarði, á landsvæði er sem hér segir:

Áætlaðar landvarðavikur á vegum Umhverfisstofnunar sumarið 2014 eru alls 167 vikur sem skiptast þannig á friðlýst svæði:

- 48 vikur Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.
- 62 vikur Mývatnssveit.
- 7 vikur Hornstrandir.
- 15 vikur Svæðalandvarsla á Suðurlandi, Friðland að Fjallabaki og Dyrhólaey.
- 8 vikur Svæðalandvarsla á Vesturlandi, friðlýst svæði í Borgarbyggð.
- 8 vikur Svæðalandvarsla á Miðhálandi, Hveravellir og Gullfoss.
- 11 vikur Svæðalandvarsla á sunnanverðum Vestfjörðum, Vatnsfjörður, Dynjandi, Surtarbrandsgil og Látrabjarg.
- 8 vikur Surtseyjarstofa.

Áætlaðar landvarðavikur í Vatnajökulspjóðgarði sumarið 2014 eru alls 546 vikur sem skiptast þannig á rekstrarsvæði:

- 217 vikur Norðursvæði.
- 64 vikur Austursvæði.
- 207 vikur Suðursvæði.
- 58 vikur Vestursvæði.

Ráðuneytið bendir á að landvarsla í þjóðgarðinum á Þingvöllum heyrir ekki undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.